

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. júní 2018  
2018050043/42-0  
TB  
jgo/tb

**Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðarvegi á Dynjandisheiði, Vesturbyggði og Ísafjarðarbæ**

Við er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 25. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir Vestfjarðaveg (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63) frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðarvegi á Dynjandisheiði, Vesturbyggð og Ísafjarðarbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur hana ítarlega og vandaða um flest og gefa gott yfirlit yfir fyrirhugaða framkvæmd í heild sinni og þá þætti sem þarf að fjalla um í mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þau atriði í matsáætluninni sem leggja á áherslu á í frummatsskýrslu og koma fram í kafla 4.3 á bls. 68. Þó er ástæða til að benda á að á bls. 67 segir: „Talið er að áhrif á annað dýralíf en fugla séu óveruleg og ekki er gert ráð fyrir að fjalla sérstaklega um þá þætti í frummatsskýrslu.“ Að mati Náttúrufræðistofnunar er þessi setning ekki í samræmi við áherslu í kafla 4.3. þar sem t.d. er gert ráð fyrir að kanna þurfi lífríki í fjöru og á leirum og grunnsvæði. Í fjöruvistgerðum er oft mikið dýralíf og fleiri dýr en fuglar sem geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Vistgerðaflokkun hefur með lögum nr. 60/2013 ákveðinn sess í náttúruvernd. Fyrir svæði sem hafa verið flokkuð í vistgerðir fæst betri mynd af öðru lífríki sem þar þrífst og að mörgu leiti auðveldara að meta verndargildi og áhrif. Í matsáætluninni er ekki alveg skýrt að hve mikli leiti verður stuðst við vistgerðakort fyrir vistgerðir á landi, í ferskvatni og fjöru. Á bls. 69 kemur fram að kannaðar verða vistgerðir fyrir gróður þ.m.t. votlendi en á bls. 72 segir hins vegar: „Engin áform eru um að teikna mörk mismunandi leiru- eða fjörugerða á loftmyndirnar. Í frummatsskýrslu verður mælt hve stór leirusvæði skerðast vegna framkvæmda.“ Í þessu sambandi vill Náttúrufræðistofnun benda á Fjölrít nr. 54 um Vistgerðir á Íslandi og upplýsingar og kortasjá á heimasíðu stofnunarinnar. Þó kortlagning vistgerða geti verið mis nákvæm t.d. í fjörum er rétt að hafa þá kortlagningu sem viðmið. Einnig vill stofnunin benda á Fjölrít Náttúrufræðistofnunar nr. 55 um mikilvæg fuglasvæði og tengsl fugla og vistgerða.

Vegna jarðminja vill Náttúrufræðistofnun benda á að svo virðist sem ekki sé minnst á merka



setlagasyrpu í innanverðum Arnarfirði og Dýrafirði. Dufansdals-Ketilseyrar setlagasyrpuna (13,5 milljón ára) sem má rekja í fjallshlíðum við fjarðarbotna á suðvestanverðum Vestfjörðum. Setlögin eru aðgengileg í fjölda opna, m.a. í Dufansdal í botni Arnarfjarðar, við Ketilseyri og í Lambadal innarlega í Dýrafirði. Steingervingar hafa fundist við Ketilseyri. Það er rík ástæða til að kanna þá staði þar sem veglínur skera þessi setlög. (Sjá t.d. Friðgeir Grímsson o.fl. 2007. Elstu flórir Íslands. Náttúrufræðingurinn 75 (2-4), bls. 85-106.)

Náttúrufræðistofnun hefur í flestum tilfellum talið það til kosta að lagðir séu fram mismunandi kostir í matsáætlun vegna framkvæmda. Eitt af meginmarkmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Í framangreindri matsáætlun er lagður fram sá kostur að þvera Vatnsfjörð sem bæði er friðland og svæði sem fellur undir lög um vernd Breiðafjarðar. Náttúrufræðistofnun telur það augljóst út frá öllum verndarsjónarmiðum að þessi kostur sé mun verri en að laga veginn sem fyrir er og bæta vegtengingar. Auk þess mun vegurinn milli Vestfjarða, t.d. frá Patreksfirði eða Ísafirði til Reykjavíkur, stytast innan við 1%. Náttúrufræðistofnun leggur því til sbr. framangreint að Vegagerðin skoði alvarlega að þessi kostur verði ekki lagður fram í frummatsskýrslu svo beina megin sjónum að því að flýta því eins og kostur er að laga Vestfjarðarveg (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsveg (63).

Að öðru leiti sér Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að gera fleiri athugasemdir á þessu stigi en frummatsskýrslan á eftir að leiða í ljós gæði gagna og aðferða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

